



FORNLEIFASKRÁNING VEGNA LAGNINGAR VATNSVEITU FRÁ HVAMMSTANGA AÐ REYKJUM



Byggðasafn
Skagfirðinga

BRYNDÍS ZOËGA OG YLFA LEIFSDÓTTIR
BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA
2023/267

Höfundar: Bryndís Zoëga og Ylfa Leifsdóttir. 2023/267

Mynd á forsíðu: Tóft efst í túni á Saurum.

© Byggðasafn Skagfirðinga, 2023. Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	2
AÐFERÐARFRÆÐI	3
FORNLEIFASKRÁ	5
SAMANTEKT	13
HEIMILDASKRÁ	15

Inngangur

Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér skráningu vegna lagningar vatnsveitu frá Hvammstanga að Reykjum í Miðfirði fyrir Káraborg ehf. Tengiliður vegna verkefnis var Skúli Húnn Hilmarsson.

Lagnaleiðin er um 7,7km að lengd og liggur vestan megin Hvammstangavegar frá Hvammstanga að gagnamótum við Þjóðveg 1. Frá Þjóðvegi 1 heldur lögnin áfram til suðurs en er þá hærra í landi og fjær vegi. Upphafleg lagnaleið lá í gegnum efsta hluta túnsins á Saurum en ákvörðun var tekin um að færa hana upp fyrir túnið til að forðast minjar. Frá túninu á Saurum liggur lögnin í átt til Reykja og nær örlítið inn fyrir merki jarðarinnar.

Skráning á vettvangi fór fram fimmtudaginn 25. maí og var unnin af Bryndísi Zoëga landfræðingi og Ylfu Leifsdóttur fornleifafræðinema. Að vettvangsskráningu lokinni var fyrirhugaðri lagnaleið breytt í samráði við Minjavörð Norðurlands vestra eins og fram hefur komið og þær minjar sem fjallað er um í skýrslunni eru því ekki lengur innan hættusvæðis.

Úrvinnsla og skýrsluskrif voru í höndum Bryndís Zoëga landfræðings.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 3035



Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaradilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær túngarðurinn á Saurum númerið 1 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar sem í þessu tilfelli er 3035 [Saurar 3035-1]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Í umfjöllun um minjar í skýrslunni er nafn jarðarinnar sem þær tilheyra sett framan við númerið til aðgreiningar.

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast við mögulega hættu af völdum fyrirhugaðra framkvæmda við lagningu vatnsveitu frá Hvammstanga að Reykjum..

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Yfirlitskort er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir eru frá verkkaupa.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af skráningarsvæðinu en skráðir voru 15m út frá lagnaleið.

Fornleifaskrá



Mynd 2. Horft eftir túngarði 3035-1 til suðurs.

Saurar-3035-1

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta.

Minjarnar eru utan við 15m frá lagnaleið.

Staðhættir

Enn er varðveitur nokkuð stór hluti túngarðsins á Saurum en sá hluti hans sem mældur var á vettvangi liggur meðfram túninu að austan.

Lýsing

Garðlagið sem var skráð er rétt um 190m að lengd og liggur meðfram túninu frá norðri til SSV þar til það beygir við túnhornið til vesturs. Garðlagið er 30-60cm hátt og um 80cm breitt að jafnaði en 2 metrar þar sem

það er breiðast. Garðurinn er vel gróinn en sér í grjóti en garðurinn hefur verið hlaðinn bæði úr torfi og grjóti. Far eftir torftöku sést meðfram garðinum á köflum. Garðlagið liggur síðan meðfram túninu að sunnan og að vestan hafa um 100m varðveist.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati frá 1916-1918 (bls. 186) segir að túnið sé girt torfgarði með vír ofan á.



Mynd 3. Matjurtagarður eða rétt [3035-2] efst í túni á Saurum. Horf til VSV og má sjá íbúðarhúsið og súrheysturn til hægri.

Saurar-3035-2

Hlutverk: Rétt, matjurtagarður?

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru utan við 15m frá lagnaleið.

Staðhættir

Austast í gamla túninu á Saurum, rétt um 100m austur af íbúðarhúsinu er garðlag.

Lýsing

Garðlagið, afmarkar um 6,5x10m svæði, sem líklega hefur annaðhvort verið rétt eða matjurtagarður. Það hefur að líkindum legið upp að túngarðinum sem nú er horfinn vegna skurðgraftar. Veggir eru þokkalega stæðilegir, 60-90cm háir og rétt tæpur metri á breidd. Garðlagið hefur að minnsta kosti að hluta verið grjóthlaðið en það sér í grjót á einum stað en að öðru leyti er það algróið. Austan við er vegslóði sem liggur yfir austurenda norður- og suðurveggjar og hefur skemmt þá.

Aðrar upplýsingar

Mannvirkið sést ekki á túnakorti sem getur bent til þess að mannvirkið sé yngra en túnakortið sem er ekki dagsett en er líklega frá því um 1920. Það gæti líka rennt stoðum undir að mannvirkið sé rétt en slík mannvirki voru ógjarnan sett á túnakort, að minnsta kosti ekki í Skagafirði og Húnavatnssýslum.



Mynd 4. Lítið sést af tóft 3035-3 annað en smá garðlag. Njóli vex á tóftarstæðinu. Horft til suðurs.

Saurar-3035-3

Hlutverk: Útihús,
hesthús

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Engin hætta.
Minjarnar eru utan við
15m frá lagnaleið.

Staðhættir

Ofarlega í heimatúninu á
Saurum, 80m ofan bæjar,
eru leifar útihúsa.

Lýsing

Búið er að rífa húsin og
aðeins sést einn veggur

að austan sem liggur norður-suður og er um 13m langur. Hann er um 50cm hár og 1,5m á breidd og grasi gróinn. Vestan veggjarins er 8x15m stórt svæði sem er nokkuð sléttara en umhverfið. Á því var mikil sína þegar skráning fór fram og ekki hægt að greina hvort einhver veggjalög séu enn til staðar.

Aðrar upplýsingar

Á loftmynd frá 1976 sjást þarna tóftir (LMI-Kort-E04-E-0923) og á túnakorti er þarna sýnt hús. Í örnefnaskrá (bls. 1) segir „Upp frá bæ í túni er sunnar Húsamelur, utar Hesthúshóll.“ Í fasteignamati frá 1916-1919 (bls. 186) segir að auk bæjar séu fjárhús fyrir 118 kindur og 8 hross. Líklegt má telja að tóftaleifarnar séu tóftir hesthússins sem getið er í örnefnaskrá og fasteignamati.



Mynd 5. Fjánhús 3035-4 eru horfin en svæðið sker sig nokkuð úr umhverfi vegna þess hversu grænt grasið er á fjárhússtæðinu. Horfi er til norðvesturs, heim að bæ.

Saurar-3035-4

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Engin hætta.

Minjarnar eru utan við 15m frá lagnaleið.

Staðhættir

Ofarlega í heimatúninu á Saurum, rúmlega 100m ofan bæjar er raskað svæði, svólítið niðurgrafið.

Lýsing

Svæðið er um 11x18m að

utanmáli og mest um 50cm djúpt. Það var algróið grasi og í því vex bæði njóli og hvönn. Meiri gróska var í grasinu á svæðinu og það skar sig því úr umhverfi en ekkert lag var á því og engar veggjaleifar.

Aðrar upplýsingar

Á loftmynd frá 1976 sést að þarna stóðu fjánhús (LMI-Kort-E04-E-0923) og þarna er merkt hús á túnakorti og ljóst að þarna hafa verið byggingar um nokkurt skeið en húsið á loftmyndinni er þó með bárujárnspaki. Í örnefnaskrá (bls. 1) segir: „Upp frá bæ í túni er sunnar Húsamelur, utar Hesthúshóll.“ Í fasteignamati frá 1916-1919 (bls. 186) segir að auk bæjar séu fjánhús fyrir 118 kindur og 8 hross. Líklegt má telja að þarna hafi staðið fjárhúsin sem getið er í fasteignamati.

Saurar-3035-5



Mynd 6. Garðlag undan girðingu 3035-5, horft til suðurs.

Hlutverk: Girðing

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta. Bláendi garðlagsins er um 4m frá lagnaleið en garðlagið að öðru leyti ekki í hættu.

Staðhættir

Garðlag liggur til suðurs frá suðausturhorni heimatúnsins á Saurum.

Lýsing

Garðlagið er um 170m langt og liggur nokkurn veginn norður-suður. Það er algróið grasi, 30-50cm hátt og 70cm breitt. Á loftmynd má sjá að þarna hefur verið girðing

og óvíst hvort garðlagið sé nógu gamalt til að teljast til minja í lagalegum skilningi.



Mynd 7. Ylfa Leifsdóttir skráir þúst [3035-6] utan túns á Saurum. Horft er til norðausturs.

Saurar-3035-6

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru tæplega 15m frá lagnaleið og ekki taldar í hættu.

Staðhættir

Um 35m austur af suðausturhorni túnsins og rétt rúmlega 190m suðaustur af íbúðarhúsinu á Saurum er þúst eða smá hóll.

Lýsing

Þústin er um metri á hæð og um 4m í þvermál. Smá dæld er ofan í þústina sem er algróin grasi og nokkuð þýfð. Hún sker sig úr landslagi og þarna virðist líklega hafa verið lítið mannvirki en hlutverk er óljóst.



Mynd 8. Fyrir miðri mynd er hóll sem stendur fremst á brekkubrún ofan bæjar. Ekki voru greinilegar minjar á hólnum en hann þesslegur að þar hafi fyrrum staðið mannvirki. Horft til suðurs.

Saurar-3035-7

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll, hleðsla

Hættumat: Engin hættu.

Staðhættir

Fremst á brekkubrún um 70m norðaustur frá íbúðarhúsinu á Saurum er áberandi hóll sem sker sig nokkuð úr umhverfi og var meiri gróska í honum en almennt í túninu þegar skráning fór fram í maí lok.

Lýsing

Mikill gróður var á hólnum og hann þýfður og ekki hægt að greina nein ummerki um mannvist nema hugsanlega austast þar sem virtist vera 10-15cm brún sem gæti hugsanlega verið leifar mannvirkis. Fram af hólnum er fyrst aflíðandi brekka sem verður síðan brattari. Þarna eru ekki merkt mannvirki á túnakorti en hólinn og gróðurfur þesslegt að þarna hafi á einhverjum tíma staðið mannvirki.



Mynd 9. Hóll fremst á brekkubrún ber við himinn. Ekki voru greinanleg mannvirki á hólnum en hann þesslegur að þar hafi fyrrum staðið mannvirki. Horft er til suðausturs.

Saurar-3035-8

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Fremst á brekkubrún, tæplega 80m suðaustur frá íbúðarhúsinu á Saurum er hóll sem sker sig nokkuð úr umhverfi og var meiri gróska í honum en almennt í túninu þegar skráning fór fram í maí lok.

Lýsing

Mikill gróður var á hólnum sem er nokkuð sléttur að ofan en engin mannvirki greinanleg. Hóllinn er þó þesslegur að á honum hafi einhvern tíma staðið mannvirki.

Horfna minjar



Mynd 10. Túnakort Saura frá því um 1920. Skráðar minjar eru merktar á mynd. Minjar 3035-9 og 10 eru horfna af yfirborði.

Saurar-3035-9

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá því um 1920 er hús um 15m sunnan við fjárhús [3035-4].

Lýsing

Þarna er nú slétt tún og engin ummerki sáust um byggingar.

Aðrar upplýsingar

Húsið sést ekki á loftmynd frá 1976 en óvíst er hvenær það var sléttað yfir það.

Saurar-3035-10

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá því um 1920 sést að heimreiðin lá upp túnið, til austurs frá bænum.

Lýsing

Veglóði er á ská upp túnið og gæti verið að hann sé á sama stað og heimreiðin en hann er þó heldur norðar en heimreiðin á túnakortinu og liggur í meiri sveigju og óvíst hvort um sama slóða sé að ræða. Ekkert sást þar sunnan við og er hugsanlegt að heimreiðin sé horfin.

Samantekt

Alls voru skráðar tíu minjar, þar af átta á vettvangi. Tvær minjar voru staðsettar eftir túnakorti en þær eru horfnar af yfirborði. Þær minjar sem skráðar voru á vettvangi voru innan skráningarsvæðis áður en lagnaleiðin var flutt upp fyrir túnið. Minjarnar, sem allar eru innan heimatúns eða skammt utan þess, eru hefðbundnar búsetu- og landbúnaðarminjar frá 18-20. öld. Yfirlit yfir skráðar minjar er í töflu 1. Innan túns eru: túngarður [3035-1] sem liggur með austurhlíð heimatúnsins. Austasti hlutinn var mældur á vettvangi en aðrir hlutar garðsins voru teiknaðir upp af loftmynd. Austast í túni var líklega rétt [3035-2] og norðvestan við hana eru leifar útihúsa, líklega hesthúsa [3035-3]. Fjárhús [3035-4] voru sunnar í túninu og sést nú aðeins raskað svæði þar sem þau stóðu. Tveir nokkuð áberandi hólur [3035-7 og 8] eru á brekkubrún ofan bæjar, grænni en umhverfið og skera sig nokkuð úr. Á þeim sáust þó engin greinileg mannvirki en hólarnir og gróðurfar á þeim þesslegt að þar hafi staðið mannvirki. Utan við suðausturhorn túnsins er þúst [3035-6] sem virðist manngerð og til suðurs frá túninu er lágt garðlag undan girðingu [3035-5]. Eru þá taldar minjar sem skráðar voru á vettvangi. Á túnakorti eru merktar minjar sem nú eru horfnar, heimreið [3035-10] sem lá til austurs frá gamla bænum og útihús sunnarlega í túni [3035-9].

Tafla 1. Yfirlit yfir skráðar minja með helstu upplýsingum.

Nr.	Hlutverk	Tegund	Hættumat	Aldur	Ástand	Fjarlægð frá lögn
3035-1	Túngarður	Garðlag	Engin hættu	18.-20. öld	Vel greinanleg	
3035-2	Rétt, matjurtagarður	Garðlag	Engin hættu	19.-20. öld	Vel greinanleg	
3035-3	Útihús, hesthús	Hleðsla, tóft	Engin hættu	18.-20. öld	Greinanleg	
3035-4	Fjánhús	Niðurgroftur	Engin hættu	18.-20. öld	Illgreinanleg	
3035-5	Girðing	Garðlag	Hætta vegna framkvæmda	20. öld	Greinanleg	4m
3035-6	Óþekkt	Þúst	Engin hættu	19.-20. öld	Vel greinanleg	
3035-7	Óþekkt	Hóll, hleðsla	Engin hættu	18.-20. öld	Illgreinanleg	
3035-8	Óþekkt	Hóll	Engin hættu	18.-20. öld	Sést ekki	
3035-9	Útihús	Heimild			Sést ekki	
3035-10	Heimreið	Heimild			Sést ekki	

Niðurlag

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt. Þess ber að geta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Fasteignamat 1916-1918 – undirmat; V-Húnavatnssýsla. Bls. 186. Sótt af: <https://icdb.landsbokasafn.is/document/ICDB/Fasteignamat%201916-1918%20-%20undirmat;V-H%C3%BAnavatnss%C3%BDsla/>. Skoðað þann 12.06.2023.

Saurar. Helgi Guðmundsson frá Tjarnarkoti skráði. Örnefnastofnun. Sótt af: <https://nafnid.is/baer/5091>. Skoðað þann 12.06.2023.

Landmælingar Íslands, kortasafn. LMI-Kort-E04-E-0923. Sótt af: <https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>. Skoðað þann 12.06.2023.

Túnakort Saura. Höfundur og ár ekki skráð. Sótt af: <http://testbirting.manntal.is/default.aspx?leit=U2F1cmFyIFRvcnZ1c3Rhw7BhaHJlcHB1ciwgWXRyaS0gVmVzdHVyLUjDum5hdmF0bnNzw71zbGE=>. Skoðað þann 12.06.2023.

Fylgiskjal

Hnitaskrá, verkefni 3035

minj_id	hlutverk	tegund	aldur frá	aldur til	vegg hæð frá	vegg hæð til	veggbreidd	ástand	hættumat	orsök	fjarlægð frá miðlínu	x	y
3035-1	túngarður	garðlag	0	1900	0,5	0,6	0,0	vel greinanleg	engin hætta			411955	538578
3035-2	rétt, matjurtagarður	hleðsla	1800	1950	0,0	0,0	1,0	vel greinanleg	engin hætta			411938	538596
3035-3	útihús, hesthús	hleðsla, tóft	1700	1950	0,0	0,5	1,5	greinanleg	engin hætta			411917	538607
3035-4	fjárhús	niðurgröftur	1700	1990	0,1	0,2	1,0	illgreinanleg	engin hætta			411927	538529
3035-5	girðing	garðlag	1920	1970	0,4	0,6	0,9	greinanleg	hætta	framkvæmda	4	411938	538453
3035-6	óþekkt	þúst	0	1930	0,3	0,6	0,0	vel greinanleg	engin hætta			411966	538448
3035-7	óþekkt	hóll, hleðsla	800	1900	0,3	0,5	0,7	illgreinanleg	engin hætta			411901	538642
3035-8	óþekkt	hóll	800	1900	0,0	1,0	0,0	sést ekki	engin hætta			411910	538550
3035-9	útihús	heimild	0	1950	0,0	0,0	0,0	sést ekki	ómetið			411934	538502
3035-10	heimreið	heimild	0	1950	0,0	0,0	0,0	sést ekki	ómetið			411934	538502